

Kynbótanefnd

Í nefndarstörfum tóku þátt níu landsþingsfulltrúar en engri formlegri tillögu var vísað til nefndarinnar. Á fundinum fóru eigi að síður fram mjög góðar og málefnalegar umræður um kynbótastarfið í heild.

Nefndarmenn voru sammála um að mikill og auðsær árangur hefði náðst í ræktun íslenska hestsins eins og best sást á nýafstöðnu landsmóti og víðar þar sem hross kæmu fram í sýningum og keppni og í almennri notkun en þó mætti alltaf betur gera.

Í því sambandi voru eftirtalin atriði rædd:

Kynbætur og markaðsmál en þar þarf sífellt að hafa athyglina á að við séum að rækta með megin áherslu þá hestgerð sem henti markaðnum. Þannig styðji kynbótastarfið hér á landi betur að aukinni markaðshlutdeild okkar.

Til þess að þetta náist þarf að huga að ýmsu, s.s. að dómar kynbótahrossa nýtist sölumörkuðunum sem allra best og þær hestgerðir sem hæst fara í dómum nýtist líka utan markaðrar brautar kynbótanna, í keppni og almennri reið.

Nefndarmenn voru sammála um að það starf sem nú er verið að vinna á vegum leiðbeiningaþjónustunnar sem miðaði að breytingum á dómkerfinu með þetta að markmiði og byggðist á niðurstöðum nýjustu rannsókna væri afskaplega mikilvægt.

Í þessu sambandi voru nokkur atriði rædd sérstaklega og hvað mest um einkunnagjöf fyrir vilja og geðslag og mikilvægi þess að vinna gegn lundarfarslegum göllum sem sumir hverjir væru jafnvel að sækja í sig veðrið. Í því sambandi var sérstaklega rætt um atriði eins og sjónhræðslu, kjarleysi o.þ.h. Ítarleg umræða fór um samhengi þessrara tveggja vankanta, að hversu miklu leyti þeir væru eðlisbundnir, jafnvel ættlægir og að hversu miklu leyti væri um tamningagalla að ræða.

Ræktunaráhersla á klárhesta með tölti annars vegar og alhliða gæðinga hins vegar var mikið rædd, sýndist eðlilega sitt hverjum í því sambandi, s.s. hvort klárhestar hefðu fullnægjandi stöðu gagnvart þátttöku á landsmótum. Einnig hvað sýningar unghrossa varðaði, s.s. að 4 vetra hross gætu mætt á stórsýningar en hefðu ekki þátttökurétt í gæðingakeppnum. Hvað það varðar ber þó að hafa í huga að um keppni er ð ræða í öðru tilvikinu en búfjárræktarstarf í hinu og lokaábyrgðin hvað kröfur og álag varðaði væri alltaf knapans og hesteigandans. Aldrei mætti ganga lengra en hrossin þyldu hverju sinni.

Þá var mikið rætt hvernig staðið hefði verið að inntöku á landsmótið í sumar þar sem tekinn var inn ákveðinn fjöldi hrossa í hvern flokk en ekki notast við lágmarkseinkunnir eins og áður. Söknðu sumir eldra kerfisins en margt mælti þó með hinu nýja en þess yrði þó að gæta að þrengja ekki um of þann kynningarglugga sem þátttaka á landsmótum eðlilega er. Einnig var rætt um algerlega breytt sýningarform á landsmótum þar sem farið væri yfir í yfirlitssýningar í stað endurdóma. Engin ákveðin samþykkt var þó gerð hvað það varðar en ítrekað mikilvægi þess að mótshaldið þjónaði hrossaræktinni og ykju áhuga á þessu mikilvæga grundvallarstarfi hestamenskunnar.

F.h. kynbótanefndar 60. landsþings LH

Kristinn Hugason.